



4. stjórnarfundur LH

24. febrúar 2019 kl. 10:00 Íþróttamiðstöðinni Laugardal

Mættir: úr aðalstjórn Lárus Ástmar Hannesson, Sóley Margeirsdóttir, Ólafur Þórisson, Stefán Logi Haraldsson, Ágúst Hafsteinnsson og Lilja Björk Reynisdóttir og Siguroddur Pétursson úr varastjórn **Fjarverandi:** Oddrún Ýr Sigurðardóttir og Eggert Claessen úr aðalstjórn og Ómar Ingi Ómarsson, Þórdís Arnardóttir og Rósa Birna Þorvaldsdóttir úr varastjórn.

1. Formaður setti fundinn og fól Sóleyju Margeirsdóttur fundarstjórn

2. Samþykktir fundargerða

Fundargerðir 1, 2, og 3 áður samþykktar með tölvupósti.

3. Þinggerðin

Þinggerðin sem rituð var á landsþingi í haust var ófullnægjandi að mati þingforseta og var óskað eftir því að hún yrði lagfærð með tilliti til hljóðupptöku. Íris Huld Sigurbjörnsdóttir sem ritaði þinggerðina á landsþingi LH 2016 var fengin til verksins. Stjórn og þingforsetar hafa samþykkt þinggerðina og verður hún birt á vefsvæði LH að loknum stjórnarfundum. Ákveðið var að LH ráði þingritara á landsþing LH framvegis. Stjórn LH þakkar Írisi fyrir að taka að sér verkefnið og góð skil.

4. Ályktanir sem vísað var til stjórnar af þinginu

- a) *Ferða og umhverfisnefnd þingsins beinir því til stjórnar LH að leita eftir skýrum svörum til umboðsmanns Alþingis um að lagalegur réttur ríðandi umferðar meðfram ám og vatnsbökkum, sé til jafns við gangandi umferð.*

Greinargerð:

Borið hefur á því að landeigendur loka fyrir leiðum sem samkvæmt hefðum hafa verið færar ríðandi umferð.

Stjórn LH mun leita til laganefndar LH um aðstoð við að semja fyrirspurn til umboðsmanns alþingis. Stefna að því að erindið verði komið til umboðsmanns alþingis fyrir 1.apríl 2019

- b) *Nefndin beinir því einnig til stjórnar LH að gamlar aflagðar girðingar sem eru á vegum opinberra aðila t.d Mast, sveitafélaga og vegagerðar, verði send tilmæli um að fjarlægja þær.*

Greinargerð:

Víða liggja ónýtar girðingar niðri og eru á ábyrgð ofangreindra aðila og geta valdið stórhættu fyrir hross og menn.



Stjórn LH mun senda tilmæli til hlutaðeigandi aðila fyrir í samstarfi við stafshóp um úrbætur í reiðvegamálum og ferða- samgöngu- og öryggisnefnd sem fylgi þessu eftir fyrir hönd stjórnar LH.

- c) Nefndin leggur til að settur verði kraftur í öryggismál og forvarnir einkum er snýr að skörun hjólandi og ríðandi umferðar. Samtal og samráð við samtök hjólreiðafólks væri æskilegt.

Greinargerð:

Aukin umferð hjólandi í nálægð við reiðleiðir og skörun þeirra getur víða valdið slyshættu. Nauðsynlegt er að uppræða hjólreiðamenn um þá hættu sem getur skapast við ákveðnar aðstæður.

Stjórn LH felur framkvæmdastjóra að kalla eftir fundi með samtökum hjólreiðafólks. Auk þess verði erindi sent til sambands íslenskra sveitafélaga, samgöngustofu og Vegaræðarinnar og formenn allra hestamannafélaga.

5. Þingskjal nr 7 á landsþingi LH 2018 tekið fyrir, það hljóðar eftirfarndi:

Tillaga 61. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið á Akureyri 12. – 13. október 2018, samþykkir að fela stjórn LH að skipa starfshóp til að vinna að því að Ísland verði leiðandi í því að gera gæðingafimi að fullgildri keppnisgrein í lögum og reglum sambandsins. Keppt verði í gæðingafimi til prufu og kynningar fram að næsta landsþingi.

Greinargerð Gæðingafimi hefur verið að ryðja sér til rúms sem ný og áhugaverð keppnisgrein. Auðvelt er að getuskipta greininni, sem er hvati fyrir nýja keppendur að spreyta sig en einnig fyrir knapa í fremstu röð. Nauðsynlegt er að samræmi sé á milli mótshaldara þegar boðið er upp á greinina á mótum. Fulltrúar eftirtalinnna skulu eiga sæti í starfshópi þessum: Félag tamingamanna, Hestaíþróttadómarafélag Íslands, Gæðingadómarafélag LH, tölvunefnd LH og keppnisnefnd LH.

Samþykkt að senda boð til þeirra nefnda og félaga sem tilnefndir eru í greinargerð og beðið um að tilnefna fulltrúa í starfshópinn. Á næsta stjórnarfundum mun svo starfshópurinn verða fullmannaður af hálfu stjórnar og stjórn ákveður formann nefndarinnar sem mun boða til fyrsta fundar starfshópsins.

6. **Bréf frá Létti** (Sjá viðhengi)

Stjórn LH, þakkar bréfið, það var tekið til umfjöllunar og afgreitt með vísan í a) lið í 4. grein þessarar fundargerðar.

7. **Starfshópur um úrbætur í reiðvegamálum**

Stjórn samþykkir að starfshópur um úrbætur í reiðvegamálum starfi áfram með það fyrir augum að fá aðila í hestatengdri ferðaþjónustu til þess að beita sér ásamt ferða- samgöngu- og öryggisnefnd LH til þess að þrýsta á ríkið til að setja meira fjármagn í reiðvegagerð. Auk þess að starfshópurinn beiti sér fyrir auknu öryggi hestamanna til



dæmis og aðstoði stjórn við að senda tilmæli til hlutaðeigandi aðila sem bera ábyrgð á ónýtum girðingar sem liggja meðfram reiðvegum og skapa hættu.

8. Skógarhólar / samningar

Stjórn samþykkir að kanna áhuga staðarhaldara undanfarinna ára á áframhaldandi samningi á þeim forsendum sem unnið hefur verið eftir.

9. Hestadagar í Reykjavík (Skrautreið)

Stjórn Landssambands hestamannafélaga mun ekki standa fyrir skrautreið í miðbæ Reykjavíkur en hvetur til að, ef áhugi er fyrir hendi, hestamannafélögin í Reykjavík og nágrenni til að standa að slíkri reið í samstarfi við HOI og Reykjavíkurborg. Framkvæmdastjóra falið að kynna viðkomandi hestamannafélögum og HOI um stöðuna.

10. Dagur Íslenska hestsins

Stjórn LH, mun hvetja áhugasöm hestamannafélög til að koma að öflugum hætti með í að setja hestatengda dagskrá á sínum félagssvæðum á 1.maí sem er aðþjóðlegur dagur íslenska hestsins, í mögulegu samstarfi við HOI með kynningu á deginum. Tilgangur dagskrárinnar verður að hvetja almenning til að koma í heimsókn í hesthúsahverfi landsmanna og kynnast íslenska hestinum og umhverfi hestamannsins. Sóley, Lilju Björk, Oddrúnu Ýr, Þórdísi og Eggert var falið að skrifa bréf þess efnis til hestamannafélganna og fylgja verkefninu eftir.

11. FEIF þingið 2019

Stjórnarmenn sem voru á þinginu fóru yfir málefni þingsins og vísað var til fundargerðar FEIF þingsins.

12. FEIF þingið 2020

Stjórn LH hefur boðist til að halda FEIF þing 2020 á Íslandi. Komin er fyrirspurn frá FEIF varðandi mögulega staðsetningu og kostnað áður en endanleg ákvörðun er tekin. FEIF hefur greint frá hvaða þarfir liggja að baki til þinghaldsins og verður gengið út frá því og svar sent um leið og þessar uppp liggja fyrir.

13. Stefnumótun LH og afreksstefna LH

Stjórn samþykkir að skipa starfshóp sem framkvæmdastjóri LH leiðir til þess að fara í þá vinnu að gera heildarstefnumótun fyrir LH og uppfæra afreksstefnu LH. Gagnaöflun fyrir stefnumótunina fer fram meðal annars með rafrænni spurningakönnun, fundarferð LH og opnum fundi í september 2019. Markmiðið verði að kynna drög að stefnu LH og



afreksstefnu LH á formannafundi 1.nóvember og leggja svo stefnurnar fyrir á Landsþingi 2020 til samþykktar.

14. Fundarferð LH

Ákveðið að fara í fundarferð og boða stjórnir hestamannafélaganna. Stefnt er að því að fundirnar verði í Borganesi, Sauðárkróki, Akranesi, Egilstöðum, Hellu og Reykjavík.

15. Fundargerð LM ehf.

Farið yrir fundargerðina og málefni LM ehf. (sjá viðhengi)

16. Mögulegt Íslandsmót í gæðingakeppni fyrirspurn frá Jóni Þorbergi Steindórssyni

LH þakkar mótshöldurum framtakið sem er jákvætt fyrir hestamenskuna í landinu. Stjórn LH telur ekki rétt að mótið heiti Íslandsmót í gæðingakeppni þar sem ekki hefur verið formgerð möguleg staða íslandsmóts í gæðingakeppni innan félagskerfis Landssambands hestamannafélaganna.

17. Fartölvukaup fyrir skrifstofu

Stjórn samþykkir kaup á fartölvu fyrir skrifstofu.

18. Afmæli LH

Stjórn mun halda upp á 70 ára afmæli samtakanna í samfellu við formannafund og Uppskeruhátíð hestamanna.

19. Dagsetningar

Stjórn ákvað eftirfarandi dagsetningar:

- a. Vinnuhelgi stjórnar 11.-13. október
- b. Formannafundur 1.nóvember
- c. Uppskeruhátíð 2.nóvember
- d. Næsti fundur er áætlaður 15.mars

20. Tilhögun um hver setur inn breytingar á lögum eftir Landsþing

Umræður um innsetningu nýrra laga inn í lög og reglur LH. Óskað var eftir álitum frá keppnisnefnd og laganeftd og tekið aftur fyrir á næsta fundi.



21. Samningur við Berglindi Ragnarsdóttur

Stjórn samþykkir tilboð Berglindar Ragnarsdóttur (Fjármálastjórinn) í bókhald og endurskoðun LH.

22. Íþróttakona / íþróttamaður LH (SM/HS)

Umræður um hvort LH eigi að útnefna íþróttakonuna ársins hjá LH líkt og í öðrum sérsamböndum. Vísað í keppnisneefnd til frekari umræðu.

23. Heimur hestsins

Stjórn samþykkir að senda öllum börnum skráðum í hestamannafélag fæddum 2013 og 2012, Heim hestsins að gjöf.

24. Önnur mál

- a. Fundur í samstarfi norðurlandanna í Danmörku 6.apríl og mun formaður sitja þann fund.
- b. Stjórn LH vill auka upplýsingaflæði milli stjórnar og hestamannafélaganna m.a með því að senda samþykktar fundargerðir á formenn ásamt öðrum fréttum af starfi samtakanna. Auk þess var ákveðið að stofna facebookhóp fyrir stjórn og formenn hestamannafélaganna.

Engin önnur mál tekin fyrir, fundi slitið um 17:45.

Fundargerð ritaði Hjörný Snorradóttir.

Reykjavík 15.mars 2019.